

## AUGLÝSING

### um staðfestingu samþykktar fyrir byggðasamlagið Hulu bs.

Ráðuneytið hefur staðfest meðfylgjandi samþykkt fyrir Hulu bs. en aðildarsveitarfélög þess eru Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur.

Byggðasamlagið er stofnað skv. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er hlutverk þess að annast urðun flokkaðs heimilissorps frá aðildarsveitarfélögunum á grundvelli laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.

Innviðaráðuneytinu, 16. júlí 2024.

F. h. r.

**Katrín Anna Guðmundsdóttir.**

*Ólöf Sunna Jónsdóttir.*

### Fylgiskjal.

#### SAMÞYKKT fyrir byggðasamlagið Hulu bs.

##### 1. gr.

Félagið er byggðasamlag og heitir Hulu bs. Það byggir á 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Varnarþing er í Vestur-Skaftafellssýslu. Starfsemi byggðasamlagsins fer fram í landi Ytri-Skóga í Rangárþingi eystra eða annars staðar eftir ákvörðun aðildarsveitarfélaga hverju sinni.

##### 2. gr.

Aðild að því eiga sveitarfélögin Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur. Eignarhluti aðildarsveitarfélaganna skiptist innbyrðis í hlutfalli við íbúafjölda hvors sveitarfélags, miðað við fjölda íbúa 1. desember undangengins árs.

Aðildarsveitarfélögin bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlagsins en innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúatölu sveitarfélaganna sem skal miðast við 1. desember undangengins árs.

##### 3. gr.

Hlutverk Hulu bs. er að annast urðun flokkaðs heimilissorps frá aðildarsveitarfélögunum á grundvelli laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, sem og öðrum aðilum á samlagssvæðinu, sem þess óska og ef stjórn Hulu bs. samþykkir. Jafnframt getur Hulu bs., ef aðildarsveitarfélög samþykkja, haft umsjón með sorphirðu og annarri sorpförgun hjá aðildarsveitarfélögunum. Stjórn Hulu bs. getur falið verktökum að annast framkvæmdir fyrir sína hönd og samið um gjaldtöku þess vegna.

##### 4. gr.

Stjórn Hulu bs. skal koma saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum eigi síðar en 15. ágúst það ár. Oddviti fjölmennara sveitarfélagsins skal boða stjórnina til fyrsta fundar og stýra fundi fram að kjöri stjórnarformanns.

Aðildarsveitarfélög tilnefna þrjá fulltrúa í stjórn og skulu tveir vera frá fjölmennara sveitarfélaginu og einn frá hinu. Jafnmargir skulu tilnefndir til vara á sama hátt. Skipunartími

stjórnarmanna skal vera eitt ár, milli aðalfunda. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda.

Stjórn byggðasamlagsins er heimilt að gera samning við aðra aðila um framkvæmd einstakra þátta þjónustunnar, m.a. við einkaaðila enda samrýmist þeir samningar lögum um þjónustuna og sveitarstjórnarlögum og rúmast innan fjárhagsáætlana byggðasamlagsins.

Atkvæði stjórnarmanna skulu vega jafn þungt við afgreiðslu mála í stjórn. Ákvarðanir á stjórnarfundum teljast samþykktar ef einfaldur meirihluti stjórnarmanna samþykkir þær.

Stjórnarfundur byggðasamlagsins er ályktunarhæfur þegar meirihluti kjörinna stjórnarmanna er mættur til fundar. Aðalfundur byggðasamlagsins er ályktunarhæfur hafi löglega verið til hans boðað og meirihluti fulltrúa aðildarsveitarfélaganna, miðað við fulltrúa fjölda skv. 6. gr. samþykktar þessarar, er mættur.

Stjórn byggðasamlagsins getur ekki skuldbundið aðildarsveitarfélögin umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsætlun byggðasamlagsins, eða í samþykkt þessari. Samþykki allra sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna þarf til að ákvarðanir byggðasamlagsins um fjárfestingar, meiriháttar eignabreytingar, ólögbundin útgjöld og skuldbindingar öðlist gildi.

#### 5. gr.

Aðalfund skal halda fyrir lok marsmánaðar ár hvert.

#### 6. gr.

Hvort aðildarsveitarfélag á rétt á að eiga tvo fulltrúa á aðalfundi og félagafundum Hulu bs. og hefur hver fulltrúi eitt atkvæði.

#### 7. gr.

Tillögur um breytingar á samþykkt byggðasamlagsins skulu berast stjórn þess í síðasta lagi þremur sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Tillöguflytjandi skal jafnframt kynna aðildarsveitarfélögunum tillöguna bréflaga með sama fyrirvara.

#### 8. gr.

Ákvarðanir aðalfundar og félagafunda í byggðasamlaginu, löglega til boðaðra, eru bindandi ef einfaldur meirihluti fulltrúa eigenda samþykkir að undanteknum ákvörðunum skv. 10. gr. Samþykkt byggðasamlagsins verður þó aðeins breytt á aðalfundi með samþykki 2/3 hluta atkvæðamagns. Verkefni aðalfundar eru:

1. Skýrsla stjórnar og ársreikningar.
2. Ákvörðun um gjaldskrá fyrir aðildarsveitarfélögin.
3. Ákvörðun um breytingu á samþykkt samlagsins, ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara, sbr. 7. gr.
4. Kosning endurskoðanda/endurskoðunarfélags.
5. Önnur mál.

Aðalfund skal boða með dagskrá. Alla fundi, þ.m.t. aðal-, auka- og stjórnarfundir skal boða með tölvupósti með a.m.k. sjö daga fyrirvara. Dagskrá stjórnarfunda skal berast stjórnarmönnum í síðasta lagi tveimur dögum fyrir boðaðan fund. Fundargerðir stjórnar skal senda aðildarsveitarfélögum til kynningar.

#### 9. gr.

Hlutverk stjórnar er að hafa yfirumsjón með rekstri byggðasamlagsins. Stjórn skal í samstarfi við rekstraraðila urðunarsvæðisins gera tillögu að rekstrar- og fjárhagsáætlun byggðasamlagsins sem lögð er fyrir sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna eigi síðar en 30. október ár hvert. Reikningsár byggðasamlagsins er almanaksárið.

Stjórnin getur falið öðrum að annast daglegan rekstur Hulu bs. fyrir sína hönd.

10. gr.

Kjósi aðildarsveitarfélag að ganga úr byggðasamlaginu skal það tilkynnt á aðalfundi. Úrsögnin tekur þó ekki gildi fyrr en um næstu áramót eftir að úrsögn er gerð kunn. Innan sex mánaða frá aðalfundi, þar sem úrsögn aðildarsveitarfélagsins er tilkynnt, skal halda aukafund aðildarsveitarfélaga að byggðasamlaginu. Á þeim fundi skal tekin ákvörðun um hvort byggðasamlaginu skuli slitið eða því haldið áfram með breyttri eignaraðild.

11. gr.

Samþykkt þessa skal endurskoða verði breytingar á eignarhaldi byggðasamlagsins eða aðrar þær breytingar sem kunna að hafa áhrif á framkvæmd hennar.

Til að slíta byggðasamlaginu þarf samþykki a.m.k. 2/3 hluta allra eigenda í því á löglega boðuðum fundi. Við slit á byggðasamlaginu ganga eignir þess og/eða skuldir til eignaraðila í hlutfalli við eignarhluta.

12. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um byggðasamlagið Hulu bs. nr. 696/2021.